

## Jafningjaígrundun

Þessi aðferð býður upp á skipulagt ferli við jafningjaígrundun þar sem notuð eru stafræn verkfæri. Aðferðin tryggir öruggt og jákvætt andrúmsloft og kallar fram uppbyggilegt viðmót meðal nemenda þegar kemur að því að ræða hugsanir, tilfinningar eða hegðun í flóknari námsverkefnum. Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið grunnstoðirnar „Að læra gegnum samræður og samskipti“.

### Áætluð útkoma – Nemendur eiga að:

- Geta útskýrt kosti jafningjaígrundunar.
- Geta sýnt virðingu og góða samvinnu þegar unnið er saman í litlum hópum.
- Geta beitt virkri hlustun.
- Geta útskýrt ígrundunar ferli sem þeir fara gegnum.

### Tími

Tímalengd þessa verkefnis ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Þó ættirðu að gera ráð fyrir að verkefnið taki a.m.k. 45-60 mínútur.

### Efni

Í kennslustofunni	Blandað nám
<ul style="list-style-type: none"><li>- Blað fyrir hvern nemanda og stórt plakat fyrir hvern hóp.</li><li>- Tússtafla sem framlögum nemenda er safnað á.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Blað fyrir hvern nemanda fyrir einstaklingsbundna hugleiðingu.</li><li>- Búðu til <a href="#">Padlet-aðgang</a>.</li><li>- Búðu til vegg á Padlet fyrir hugsa-para-deila verkefnið.</li><li>- Búðu til Padletdálka til þess að safna saman framlagi nemenda. Notaðu 3 dálka (einn fyrir hverja fyrir sögn)</li><li>- Snjalltæki fyrir hvern hóp</li></ul> <p><a href="#">Frekari upplýsingar um stafræn verkfæri</a></p>

## Undirbúningur

Undirbúðu Padlet borðið í samræmi við leiðbeiningarnar hér að ofan. Búðu til fyrir fram skilgreindan lista af reglum sem þú vilt að gildi meðan á vinnunni stendur ef þú telur þörf á.

## Skref fyrir skref leiðbeiningar

### 1 Skilgreindu reglurnar áður en þú hefst handa

Hér að neðan er að finna nokkrar aðferðir sem hjálpa þér að skilgreina „leiðarljós“ sem þú vilt að nemendur fylgi í samræðum og hegðun almennt þegar unnið er í kennslustofunni. Leiðarljósin/reglurnar þurfa að vera hengdar upp á áberandi stað í kennslustofunni áður en hægt er að taka þær í notkun, vísa í þær og ígrunda út frá þeim. .

Þessi hluti er unnin þegar farið er gegnum ferlið í fyrsta sinn. Eftir það er bara rennt í gegnum leiðarljósið áður en unnið er að nýju verkefni.

(Sjá „Að læra gegnum samræður og samskipti“ : Dæmi um kurteisar samræður.)

Nota má aðra aðferð þar sem nemendur fá í hendurnar lista af dæmum um leiðarljós/reglur sem þeir svo velja af.

Hugsa-para-deila .

Nemendur vinna 2 og 2 saman og fara yfir listann með dæmum um leiðarljós. Þeir ræða innihald listans og velja svo þau 5 leiðarljós sem þeir telja mikilvægust. Eins mega þeir bæta á listann.



Þessu næst deila öll nemendapörin sínum 5 leiðarljósum á sameiginlegt Padlet borð. Að því búnu eru heildarniðurstöður gerðar sýnilegar öllum nemendum og nú hefjast þeir handa, með aðstoð kennarans, við að flokka listana og koma sér saman um þau 5-8 leiðarljós sem þeir vilja að gildi í bekknum sínum.

Þegar hugsa-para-deila er notað í stafrænu umhverfi er gott að setja reglur um hvernig við tölum saman þar. Slíkar reglur þurfa að vera auðskiljanlegar og sýnilegar svo hægt sé að vísa í þær þegar þörf krefur.

### 2 Ferlið undirbúið

Upplýstu nemendur um að nú muni þeir vinna í þriggja manna hópum til þess að ígrunda hugsanir, tilfinningar og hegðun sem upp komu við vinnu sem er nýlokið.

### 3 Beitið jafningjaígrundun

Nú eru nemendur tilbúnir til þess að beita jafningjaígrundun (um nám eða reynslu sem hefur átt sér stað í kennslustofunni). Útskýrðu fyrir nemendum að meðan á eftirfarandi vinnu stendur muni þeir ígrunda saman í þriggja manna

hópum. Sérhver hópur samanstandi af þremur hlutverkum, svo hver og einn hafi hlutverk hverju sinni og fái tækifæri á að spreyta sig í öllum hlutverkunum.

Hlutverkin eru:

1. Nemandi sem segir frá því hvernig honum leið og hagaði sér: Tilgreinir atriði sem tengjast hugsun, tilfinningum og/eða hegðun meðan á vinnu stóð. Útgangspunktur: Meðan á verkefnavinnunni í stóð fann ég fyrir feimni/öryggi/óvissu/styrk/spennu/árásargirni...Meðan á verkefnavinnunni stóð hlustaði ég/truflaði ég/deildi ég skoðunum mínum/bætti ég við framlag annars nemanda.
2. Nemandi sem lýsir því hvernig hann upplifði hegðun samnemendanna: hverju hann tók eftir hjá hinum tveimur nemendum hópsins, hvernig hann skynjaði tilfinningar þeirra, hugsanir og/eða hegðun. Útgangspunktur: Meðan á verkefnavinnunni stóð tók ég eftir því að bekkjarfélagarnir hlustuðu/trufluðu/spurðu spurninga/voru forvitnir.
3. Nemandi sem ígrundar hversu vel leiðarljósum var fylgt við verkefnavinnuna. Útgangspunktur: Meðan á verkefnavinnunni stóð tók ég eftir því að við fylgum eftirfarandi leiðarljósum (nemandi vísar til lista af reglum/leiðarljósum sem hafði verið unninn áður).

Hver nemandi fær að prófa hvert hlutverkanna þriggja. Kennarinn tekur tímann og gefur hverjum og einum 3-4 mínútur í hverju hlutverki.



Biddu alla hópana að deila hluta af sínum niðurstöðum eða hugleiðum um ferlið á Padlet borðið þó þannig að engu sé deilt nema allir 3 hópmeðlimirnir séu ásáttir um það.

Dæmi:

- Við tókum eftir því að við snérum okkur öll að og horfðum á þann sem talaði hverju sinni.
- Við tókum eftir því að það var erfitt að trufla ekki hvert annað/grípa ekki fram í hvert fyrir öðru..
- Við upplifðum okkur mikilvæg þegar á okkur var hlustað.

#### 4 Ígrundun

Nú ræðir allur bekkurinn saman um undangengna vinnu. Kennari getur t.a.m. spurt spurninga eins og þessara: Hvernig spjaraðirðu þig /hvernig leið þér í hinum mismunandi hlutverkum?

- Voru sum hlutverkanna meira krefjandi en önnur? Voru einhver þeirra ánægjulegri en hin?



Sýndu nú öllum bekknum Padletborðið. Hér getur kennari lagt fram spurningar á við eftirfarandi til umræðu:

- Hvað vakti athygli þína af því sem komið er inn á Padletborðið? Hvað er líkt og hvað ólíkt í því sem kom frá hópunum?
- Hvað gerði ferlið gagnlegt og ánægjulegt?
- Er eitthvað sem bekkurinn þarf að vinna sérstaklega með?
- Hvernig hefur bekkurinn bætt sig?

